

Nd.

562. Breytingartillögur

við frv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Frá Sveini Ólafssyni.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo :

Leita skal stöðvunar á verðgildi íslenskra peninga í því gengi, sem nú er skráð.

II. Við 3. gr. Greinin orðist svo :

Gengisnefnd skal láta fram fara ítarlega rannsókn á því, hvert sje hið raunverulega gildi peninganna í innlendum og erlendum viðskiftum. Skal rannsóknin vera tvíþætt og miðuð við 1. júní og 31. desember 1926. Skýrsla um rannsóknina skal lögð fyrir næsta þing.